



# Samkeppnishæfni þjóða?

Dr. Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor

Friðrik Eysteinnsson, aðjúnkt, flytur erindið

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Erindi flutt á ársfundi Bygðastofnunar sem haldinn er á Sauðárkróki 11. júní 2010



# HVAÐ ER SAMKEPPNISHÆFNI ?





# Hvað er samkeppnishæfni\*?

- Samkeppnishæfni er skilgreind sem:
  - öll þau atriði,
  - þær áherslur, og
  - þeir rammarsem ráða framleiðnistiginu í verðmætasköpun í landinu
- Aukin framleiðni endurspeglar og ýtir undir fjárfestingu í atvinnulífinu...
- Fjárfestingin segir fyrir um og ýtir undir vöxt í þjóðarbúinu...
- Geta til nýsköpunar ýtir undir framleiðni sem ýtir undir hagsæld...

\* Byggt á skilgreiningu WEF og hugmyndum frá M.E. Porter





# Hvers vegna samkeppnishæfni?

- Samkeppnishæfni varpar ljósi á **stöðu, aðstæður og möguleika á verðmætasköpun og hagsæld** hjá þeirri þjóð eða því samfélagi sem er til skoðunar hverju sinni.
- Samkeppnishæfni þjóðar ræðst af **svigrúmi og getu einstaklinga, fyrirtækja og þeirra stofnana sem koma beint að verðmætasköpun...**





# Samkeppnishæfni – svigrúm, samspil og samanburður?


- Það eru margir þættir sem hafa áhrif á þetta svigrúm og samspil: mannlegir, félagslegir, skipulagslegir, viðskiptalegir, efnahagslegir, stjórnmálalegir, lagalegir, menningarlegir, trúarlegir, tæknilegir og umhverfislegir svo eitthvað sé nefnt.
- Mat á samkeppnishæfni Íslands í samanburði við aðrar þjóðir gefur viðmið og möguleika á samanburði...





# Hagsæld á Íslandi (2007) - samanburður...

## Prosperity Performance Selected Higher Income Countries



Source: EIU (2008), authors calculations  
MOC Session 1 2009.ppt

3

Copyright 2009 © Professor Michael E. Porter


Mynd úr námskeiðinu Samkeppnishæfni – Microeconomics of Competitiveness. Höfundur: Prófessor Michael E. Porter





# Samkeppnishæfni Íslands – hver er staðan nú...

## Prosperity Performance Selected Higher Income Countries



Source: EIU (2008), authors calculations  
MOC Session 1 2009.ppt


Mynd úr námskeiðinu Samkeppnishæfni – Microeconomics of Competitiveness. Höfundur: Prófessor Michael E. Porter





# Samkeppnishæfni Íslands – hvað þarf til...

## Prosperity Performance Selected Higher Income Countries



Source: EIU (2008), authors calculations  
MOC Session 1 2009.ppt

3

Copyright 2009 © Professor Michael E. Porter

Mynd úr námskeiðinu Samkeppnishæfni – Microeconomics of Competitiveness. Höfundur: Prófessor Michael E. Porter







# SAMKEPPNISHÆFNI – HVER ER KJARNI MÁLSINS...?





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (1)

- **Samkeppnishæfni tiltekinnar þjóðar** – í samanburði við aðrar þjóðir – ræðst af því hversu mikil verðmæti þjóðin hefur tækifæri til að framleiða úr auðlindum sínum...
- **Því fleiri tækifæri sem bjóðast og því meiri geta sem er til verðmætasköpunar** – því samkeppnishæfari verður þjóðin...
- **Samkeppnishæfni endurspeglar þannig getu þjóðarinnar og framleiðnina við að skapa verðmæti úr auðlindum sínum:**
  - Auðlindir manna – fólkið okkar – menntun þess og reynsla...
  - Auðlindir náttúru – sjórinn, landið, loftið, fjöllin, vötnin, jarðhitinn...
  - Auðlindir fjármuna – fastafjármunir og lausafjármunir...
  - Auðlindir þekkingar – einkaleyfi, auðkenni, tengsl, skipulag, stjórnun..





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (2)

- **Samkeppnishæfni þjóðar – tækifærin og getan til verðmætasköpunar – segir fyrir um lífskjörin...**
- Því er haldið fram að það sé ekki **aðalmálið** þegar kemur að samkeppnishæfni þjóðar hvaða starfsemi það er sem þjóðin byggir verðmætasköpun sína á – heldur – **hvernig þjóðin ber sig að við verðmætasköpunina...**





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (3)


- Það er jafnframt undirstrikað að **öll starfsemi** á vegum viðkomandi þjóðar skiptir máli fyrir samkeppnishæfnina – **allt atvinnulífið** – ekki bara útflutningsgreinarnar, þótt þær séu afar mikilvægar...
- Þjóðir keppa um að bjóða upp á stað og skapa umgjörð fyrir verðmætasköpun...





# Samkeppnishæfni ræðst af mörgum þáttum...

## Determinants of Competitiveness



- Macroeconomic competitiveness creates the potential for high productivity, but is **not sufficient**
- Productivity ultimately depends on improving the **microeconomic capability** of the economy and the **sophistication of local competition**





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (4)

- **Allir geirar samfélagsins skipta máli þegar kemur að samkeppnishæfni, en aðilar innan geiranna hafa mismunandi hlutverki að gegna...**
- **Það er árangursríkast að allir og allar einingar í samfélaginu séu virkar, eftir atvikum í samspili og samkeppni í umgjörð sem er traust og stöndug...**





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (5)

- **Stjórnvöld sjá um umgjörðina og ýmsar stofnanir, en einstaklingar, félög og fyrirtæki þurfa að leiða verðmætasköpunina...**
- **Samkeppnishæfni þjóðar ræðst af svigrúmi og getu einstaklinga, fyrirtækja og þeirra stofnana sem koma beint að verðmætasköpuninni...**





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (6)

- **Fyrirtækin – framleiðslufyrirtæki og þjónustufyrirtæki – eru grunneiningar þegar kemur að verðmætasköpun...**
- **Forsenda fyrir tilvist fyrirtækis er að það sé þörf fyrir vörur og þjónustu fyrirtækisins, að það sé tækifæri til að veita viðskiptavini ávinning...**







# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (7)

- Mikilvægur hvati fyrir hagkvæmni, nýsköpun og árangur í bráð og lengd er að fyrirtæki búi við samkeppni og umgjörð sem gerir kröfur til fyrirtækjanna...
- Þannig þurfa fyrirtæki að ná utan um lykilárangursþættina í atvinnugreininni og vinna stefnumiðað að því að ná samkeppnisforskoti, annars vegar, og fyrirtækjaforskoti, hins vegar...





# Samkeppnishæfni – hver er kjarni málsins (8)


- **Auk samkeppninnar sem brýnir fyrirtækin áfram, er mikilvægt fyrir þau og aðrar stofnanir samfélagsins að þróa og efla virka klasa sem efla getu fyrirtækjanna og ýta undir samkeppnishæfni þjóðarinnar...**





# Allir geirar samfélagsins skipta máli, en...

► Það má ná utan um og skilja stöðuna betur með „demanti“ Porters og „klasa greiningu“



► Það er mikilvægt að hafa í huga að Ísland fellur undir: „Innovation Driven Economy“

► ...aðilar innan þeirra og á milli þeirra gegna mismunandi hlutverki... ...því betur sem aðilar rækja hlutverk sitt, því...



# SAMKEPPNISHÆFNI – SAMANBURÐUR Á MILLI ÞJÓÐA...?





**Ísland 2008-2009: 20 sæti af 134**

**Ísland 2009-2010: 26 sæti af 133**

**Ísland 2008-2009: 36 af 110 atriðum**

- Grunnstoðir: 2 af 19
- Innviðir: 2 af 7
- Efnahagsskilyrði: 4 af 5
- Heilsa/grunnmenntun: 2 af 11
- Æðri menntun: 1 af 8
- Skilvirkni vörumarkaðar: 8 af 15
- Skilvirkni vinnumarkaðar: 4 af 10
- Virkni fjármálamarkaðar: 5 af 9
- Tæknileg geta: 1 af 8
- Markaður – stærð: 2 af 2
- Virkni viðskiptalífsins: 4 af 9
- Nýsköpun: 1 af 7

\* Skv. skýrslum WEF

**Ísland 2009-2010: 40 af 110 atriðum**

- Grunnstoðir: 3 af 19
- Innviðir: 2 af 7
- Efnahagsskilyrði: 5 af 5
- Heilsa/grunnmenntun: 2 af 11
- Æðri menntun: 0 af 8
- Skilvirkni vörumarkaðar: 8 af 15
- Skilvirkni vinnumarkaðar: 2 af 10
- Virkni fjármálamarkaðar: 9 af 9
- Tæknileg geta: 2 af 8
- Markaður – stærð: 2 af 2
- Virkni viðskiptalífsins: 5 af 9
- Nýsköpun: 0 af 7





# Samkeppnishæfni – hvað er verið að gera...?

- Á vegum 20/20 Sóknaráætlunar hefur mörgu verið ýtt af stað... ...aðrir aðilar eru líka að stíga einhver skref...
- Sérfræðihópar hafa nýverið unnið að því að skoða þessi mál og haft flokkun World Economic Forum í stoðir sem útgangspunkt í vinnunni...
- Það þarf að gera betur og nýta þá þekkingu og þær aðstæður sem eru til staðar hér á landi til að sinna þessu...
- Það er líka mikilvægt að læra af því hvernig í nágrannalöndunum er unnið að framþróun og eflingu samkeppnishæfni...






# SAMKEPPNISHÆFNI – HVAÐ GERA AÐRAR ÞJÓÐIR...?





# Hvað er í samkeppnishæfniskýrslu Dana...

**Figure 2 Factors of significance to competitiveness**



Mynd úr samkeppnishæfni skýrslu Dana: Denmark in the Global Economy, Danish Ministry of Economic and Business Affairs, 2009







# Hvað er í samkeppnishæfniskýrslu Dana...

Table 1 Denmark's competitiveness 2009

Objective	Development in Denmark over the past year	Position among the OECD countries		
		Below average	Between average and top five	Top five
1. Prosperity	↘		■	
2. Climate and environment	↗		◀ ■	
3. Cohesion	↗			■ ▶
<b>Areas of significance to competitiveness</b>				
4. Efficient labour supply	↗		■ ▶	
5. Flexible labour market	↗			■
6. Primary and lower secondary education	-		■	
7. Upper secondary education	↗		■ ▶	
8. Higher education	↗		◀ ■	
9. Public research	↗		■ ▶	
10. Company research, development and innovation	-		◀ ■	
11. Competition	-		■	
12. Openness to the world	↗		◀ ■	
13. Entrepreneurs	↗		■	
14. Efficient financial markets	↗		■ ▶	
15. Efficient public services and regulation	↗			◀ ■
16. Economic performance	↘			◀ ■
Overall assessment	↗		◀ ■	

Mynd úr samkeppnishæfni skýrslu Dana: Denmark in the Global Economy, Danish Ministry of Economic and Business Affairs, 2009



# SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS – HVAÐ ÞARF AÐ HAFA Í HUGA...?





# Ná skilningi á núverandi stöðu og forsendum til árangurs...

- **Nauðsynlegur útgangspunktur?**
  - Verðmætasköpun á sér stað í fyrirtækjum...
  - Fyrirtæki geta náð meiri framleiðni í virkum klösum...
  - Árangur klasa skýrist af efnahagslegum skilyrðum...
  - Við hverju þarf að bregðast og hver eru tækifærin...
- **Ofangreint má kortleggja (Porter, 1980, 1985, 1990, 1998...)**
  - Fyrirtækjum má lýsa með virðiskeðju(m)...
  - Stöðu þeirra má meta með samkeppniskraftalíkani...
  - Samspil og samvirkni má skoða með klasagreiningu...
  - Efnahagslegum skilyrðum má lýsa með demantinum...






# Skilningur á núverandi stöðu næst með kortlagningu og greiningu...

## Hlutverk stjórnvalda:

Skapa skilyrði og gefa ramma fyrir verðmætasköpun með almenna hagsmuni og hagsæld að leiðarljósi

Ytra  
sambhengi



Innra  
sambhengi

## Hlutverk fyrirtækja:

Grípa tækifærin til verðmætasköpunar og keppa um það að uppfylla óskir viðskiptavina á sem árangursríkastan hátt

„Sjálfbærni“

Demantur Porter's

Kortlagning klasa

PESTEL greining

Dæmi um greiningar:

Vinumarkaðsgreining

Skoðun á virðiskerfi

Atvinnuvegagreining

„Samfélagsleg ábyrgð“

VRIO greining

Mat á virðiskeðju

Skipulagsúttekt



# Svara þarf spurningum eins og...

- Hvaða starfsemi þrífst best á Íslandi?
- Á hvaða sviðum atvinnulífsins höfum við forskot í samanburði við aðrar þjóðir?
- Hvað einkennir þessar atvinnugreinar og framlag þeirra til þjóðarbúsins?
- Hafa þessar atvinnugreinar og fyrirtæki stuðning af virkum klösum og hvernig er virkni þeirra háttað?
- Hvaða innviðir og efnahagsleg skilyrði liggja til grundvallar þessari starfsemi?
- Er málum háttað þannig að árangur náist?





# Af hverju hafa áhrif á aðgerðir sem efla samkeppnishæfnina ...

- Samkeppnishæfni tekur mið af öllum þeim atriðum, áherslum og römmum sem hafa áhrif á framleiðnina í landinu sem aftur ræður miklu um hagsældina...
- Verðmætasköpunin á sér stað í fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum sem eru í beinni þjónustu við samfélagið...
- Geta fyrirtækja, samkeppni þeirra og samspil atvinnulífsins og annarra samfélagseininga, ekki síst á þeim sviðum sem skila sér í viðskiptum við alþjóðasamfélagið hafa mestu áhrif á lífskjörin...





# Efla samkeppnishæfnina – hvað skiptir máli ...

- Að efla samkeppnishæfni Íslands er langhlaup sem því aðeins verður árangursríkt ef almenn skilyrði hafa forgang... ..hver eru þessi skilyrði?
- Samkeppnishæfni er ekki sérhagsmunamál...
- Ryðja þarf úr vegi hindrunum og ýta undir aðstæður sem auka verðmætasköpun í landinu...
- Það þarf að hafa skýra ramma um skyldur og ábyrgð gagnvart samfélaginu en jafnframt nauðsynlegt að byggja á markaðslausnum og styðjast við „markaðspróf“ þegar við á...





# Efla samkeppnishæfnina – hvað skiptir máli...

- Vinnan við að efla samkeppnishæfni er ekki að fullu fyrirsjáanlegt ferli, en það þarf að vera vilji til að láta skipulega vinnu fara fram...
- Nauðsynlegt er að hagsmunaaðilar taki virkan þátt og leggi sitt af mörkum – hver á sínum vettvangi og líka saman...
- Stjórnvöld gætu lagt meira af mörkum í rýni og rannsóknir á samkeppnisstöðunni...
- Það væri hægt að virkja háskóla og rannsóknarstofnanir í meira mæli en gert hefur verið








# Hvernig mætti efla samkeppnishæfnina?

Áð fá til liðs  
og virkja alla  
hagsmunaaðila



Mesta virkni  
og skerpa  
skilar líklega  
besta árangri



Mynd: Sjá Island.is

Átta sig á „aðgerðaeiningum“  
og skerpa stefnu þeirra í takti við heildina

